

Aðalfundur SKÍ var haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2014

Fundurinn var vel sóttur og hugur í fólki varðandi starfsemi félagsins. Margrét Helga Ögmundsdóttir fór yfir helstu atriði í starfsemi SKÍ síðasta árið og var ný stjórn félagsins samþykkt. Jón Þór Bergþórsson kvaddi stjórnina og honum var þakkað fyrir frábært starf. Að öðru leyti var stjórnin samþykkt óbreytt frá fyrra ári og að auki var Eiríkur Briem boðinn velkominn í hópinn.

Ólafíu Zoega, arkitekt, var sérstaklega þakkað fyrir hönnun á merki félagsins. Rætt var um nýja heimasíðu SKÍ og Ara Jóni Arasyni, stjórnarmanni, þakkað fyrir starf við uppsetningu síðunnar. Fundargerðina má nálgast hér.



Ólafíu Zoega arkitekt var kærlega þakkað fyrir hönnun á merki félagsins.

Afhending ferðastyrkja

Erna Magnúsdóttir afhenti ferðastyrki SKÍ, alls sjö styrki sem úthlutað var haustið 2013 og vorið 2014. Afhending ferðastyrkjanna er möguleg vegna stuðnings Medor.

Styrkhafar:

Anne Richter, nýdoktor, kynnti verkefni sitt á 7th International Stem Cell Network meeting 2013.

Elín Edda Sigurðardóttir, læknanemi, kynnti verkefni sitt á American Society of Hematology annual meeting í New Orleans í desember 2013.

Tinna Hallgrímsdóttir, læknanemi, kynnti verkefni sitt á American Society of Hematology annual meeting í New Orleans í desember 2013.

Eiríkur Briem, doktorsnemi, mun kynna verkefni sitt á EMBO practical course í University of Galway í júní 2014.

Finnur Freyr Eiríksson, doktorsnemi, mun kynna verkefni sitt á EACR í Munchen í júlí 2014.

Hrefna Stefánsdóttir, mastersnemi, mun kynna verkefni sitt á ANCR annual meeting í september 2014.

Margrét Bessadóttir, doktorsnemi, mun kynna verkefni sitt á EACR í Munchen í júlí 2014.



Styrkharfar ferðastyrkja SKÍ haustið 2013 og vorið 2014. Frá vinstri: Anne Richter, Tinna Hallgrímsdóttir, Finnur Freyr Eiríksson, Margrét Bessadóttir, Hrefna Stefánsdóttir og Eiríkur Briem. Á myndina vantar Elínu Eddu Sigurðardóttur.

Umfjöllun um AACR í San Diego

Í kjölfar aðalfundarins voru kynningar á því sem helst bar á góma á nýafstöðnu þingi American Association for Cancer Research (AACR), sem haldið var í San Diego. Margrét Helga Ögmundsdóttir, Þórunn Rafnar og Helga Margrét Ögmundsdóttir ræddu það sem helst vakti athygli þeirra á þinginu.



Margrét Helga Ögmundsdóttir, Þórunn Rafnar og Helga Margrét Ögmundsdóttir ræddu það helsta sem fram kom á AACR ráðstefnunni sem haldin var í San Diego í apríl 2014.